



Reykjavík, 20. mars 2001

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 126/1568
komudagur 22. 3. 2001

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Landsbanki Íslands hf. vísar til bréfs yðar, dags. 16. mars s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.


Landsbanki Íslands hf. fagnar framkomnu frumvarpi sem er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Landsbankinn er sammála þeirri grundvallar afstöðu, sem fram kemur í frumvarpinu, að afskipti ríkisins af fjármálamarkaði eigi að vera bundið við að setja skýrar reglur um starfsemi og gæta þess að virkt eftirlit sé með því að reglum sé fylgt.

Landsbankinn telur því æskilegt að ríkissjóður hafi heimild til sölu eignarhluta ríkisins í bankanum.

Virðingarfyllt

LANDSBANKI ÍSLANDS HF.


Halldór J. Kristjánsson
bankastjóri


Gunnar Viðar
förstöðumaður lögfræðideildar